

Nd.

914. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til ýmissa ráðstafana vegna viðskiptasamnings við brezku stjórnina.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að ákveða með reglugerð, hversu mikið af frystu og kældu kjöti megi flytja til Bretlands og ákveða, hvernig útflutningi skuli hagað.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til, ef þörf krefur, að ákveða hámarksútflutning af fiski til Bretlands og ákveða með reglugerð, hvernig útflutningi skuli hagað.

3. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að hafa eftirlit með innflutningi á kolum og, ef þörf krefur, að banna um stundarsakir innflutning á kolum frá öðrum löndum en Bretlandi, svo og ákveða með reglugerð, hvernig innflutningi kola skuli hagað.

4. gr.

Í reglugerðum þeim og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir fyrir brot gegn þeim, allt að 10000 kr., er renna í ríkissjóð, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda meðan viðskiptasamningur við Breta frá 17. maí 1933 stendur.